

Hvað veistu **UM VIÐFANGSEFNIÐ?** (e. *anticipation guide*)

Aldurshópur

Mið- og unglíngastig

Um aðferðina

Hvað veistu um viðfangsefnið? er aðferð sem notuð er til að vekja áhuga á ákveðnu viðfangsefni áður en það er lagt fyrir nemendur. Aðferðin er fólgin í því að kennari útbýr lista yfir sannar og ósannar staðhæfingar tengdar viðfangsefninu, birtir þær nemendum á einhvern hátt og fær þá til að geta sér til um hvort þær séu sannar eða ekki. Þetta er gert í fyrstu kennslustund þegar taka á fyrir nýtt viðfangsefni, t.d. í samfélags- eða náttúrufræði, en getur verið kveikja fyrir nánast hvaða viðfangsefni í kennslu sem er. Auk þess að vekja áhuga nemenda á efninu hvetur hún þá til að vera virkir leitendur mikilvægra upplýsinga og hugmynda. Hægt er að fara í gegnum öll þrep framkvæmdarinnar í einni kennslustund (eða tveimur samliggjandi) ef verkefnið er mjög afmarkað.

Hér eru dæmi um staðhæfingar sem hægt væri að nota þegar taka ætti fyrir landafræði Íslands:

- 75% Íslendinga búa á höfuðborgarsvæðinu.
- Hverir geta verið svo öflugir að heilt baðkar af sjóðandi vatni kemur úr þeim á hverri sekúndu.
- Lengsta á landsins og vatnsmesta á landsins er ein og sama áin.
- Aðferðin er oftast notuð í tengslum við upplýsandi texta en þó er vel hægt að nota hana þegar nemendahópur les skáldsögur þar sem fengist er við flókin samfélagsleg málefni s.s. umhverfisvernd, innflytjendamál, glæpi og refsingar og stjórnkerfi.

Markmið aðferðar

- Að kveikja áhuga nemenda á ákveðnu viðfangsefni.
- Að virkja bakgrunnsþekkingu nemenda.
- Að hvetja nemendur til þekkingarleitar.

Gögn

- Upplýsingatexti í einhverju formi.
- Hugmyndaflug kennara.

Framkvæmd

1. Kennari skoðar markmið og námsefni kennslustundar/námslotu og afmarkar helstu viðfangsefni. Námsefnið getur verið kennslubók, annars konar texti, myndband, glósur frá kennara, fyrirlesari eða jafnvel vettvangsferð.
2. Kennari útbýr stuttar staðhæfingar (5–15) tengdar námsefni kennslustundarinnar. Staðhæfingarnar eru skrifaðar með það í huga að vekja athygli og/eða forvitni nemenda og jafnvel að ögra fyrir fram mótuðum hugmyndum. Staðhæfingarnar eiga alls ekki allar að vera sannar heldur sambland af sönnum og ósönnum staðhæfingum sem hægt er að staðfesta eða hrekja með því að lesa námsefnið (eða horfa og hlusta).
3. Farið í gegnum staðhæfingarnar með nemendum með því að lesa þær upp, skrifa þær á töflu eða nota skjávarpa (og biðjið nemendur um að skrifa þær niður) eða afhendið þær á ljósriti eða á kennslusvæði í tölvu. Gerið nemendum jafnframt grein fyrir því að sumar staðhæfingarnar eru sannar en aðrar ekki og þeir eigi að greina þar á milli.
4. Biðjið nemendur um að taka afstöðu til (og merkja við) hvaða staðhæfingar eru réttar og hvaða staðhæfingar eru rangar. Þetta eiga nemendur að gera einstaklingslega. Athugið að þetta þarf að gerast áður en nemendur fá upplýsingar úr námsefninu en hér reynir á bakgrunnsþekkingu þeirra.
5. Eftir að nemandi hefur tekið afstöðu sjálfur er hann paraður við annan nemanda. Þeir eiga að ræða niðurstöður sínar, hvort þeir séu sammála og ef ekki að rökræða sín á milli af hverju þeir telja staðhæfinguna rétta eða ranga. Þetta skref er mjög mikilvægt vegna þess að það gerir nemendum kleift að tjá sjónarmið sín og hlusta á sjónarmið annarra. Þetta er það sem skapar nýja þekkingu og eftirvæntingu eftir að heyra eða lesa meira um viðfangsefnið.
6. Safnið niðurstöðum nemenda saman eða gangið úr skugga um að þeir hafi vistað svör sín. Á þessum tímapunkti gefur kennari ekki upp hvaða staðhæfingar eru réttar og rangar því ætlunin er að nemendur þyrsti í að finna svörin í námsefninu. Kennari vekur athygli nemenda á því að svörin muni þeir finna í námsefninu og að staðhæfingarnar verði aftur dregnar fram við lok námslotunnar, að þá fari nemendur yfir svör sín og sjái hvort þeir hafi haft rétt fyrir sér.
7. Kennarar snúa sér nú að kennslunni eins og þeir hafa skipulagt hana en eru vakandi fyrir því þegar farið er yfir staðreyndir sem snúa að staðhæfingunum sem nemendur fengu í upphafi. Þá þarf kennari að gefa tíma fyrir umræður þannig að nemendur fái tækifæri til að staðfesta fyrri kunnáttu (ágiskun) eða að meðtaka nýjar upplýsingar og melta. Þetta getur ýmist tekið eina kennslustund eða nokkrar.
8. Í lok námslotunnar eru skjölin frá fyrstu kennslustundinni dregin fram. Nemendur fara yfir fyrri ágiskanir, merkja við upp á nýtt og sjá þannig hvað þeir vissu í upphafi og hvað þeir lærðu í lotunni.
9. Kennari les hverja staðhæfingu, fær svar frá bekknum um rétt svör og stýrir umræðum sem skapast.

Hvað veist þú um viðfangsefnið?

Fyrir kennslu		Landafræði Íslands	Eftir kennslu	
rétt	rangt		rétt	rangt
		75% Íslendinga búa á höfuðborgarsvæðinu.		
		Hverir geta verið svo öflugir að heilt baðkar af sjóðandi vatni kemur úr þeim á hverri sekúndu.		
		Lengsta á landsins og vatnsmesta á landsins er ein og sama áin.		
		Talað er um Heklu sem drottningu íslenskra fjalla.		
		Langar og samfelldar sandfjörur er helst að finna á Norðurlandi.		
		Þingvallavatn er stærsta vatn Íslands.		
		Ísland er hálent og vogskorið land.		
		Jarðhiti er ein helsta náttúruauðlind Íslendinga.		
		Vatnajökulsþjóðgarður er langstærsti þjóðgarður í Evrópu.		
		Þingvellir eru náttúruundur á heimsvísu.		
		Langar og samfelldar sandfjörur er helst að finna á Norðurlandi.		
		Ár á Íslandi eru flokkaðar í tvennt: lindár og jökulár.		
		Langflestir þéttbýlisstaðir á Íslandi liggja að sjó.		

Hvað veist þú um viðfangsefnið?

Fyrir kennslu			Eftir kennslu	
rétt	rangt		rétt	rangt